

Almennar Covid reglur fyrir Reykjavik International Games 2022

Vegna Omicron afbrigðisins er útbreiðsla COVID-19 á mjög háu stigi. Því er mikilvægt að allir sem að leikunum koma virði og fylgi öllum tilmælum og reglum. Það er eindregið mælt með því að allir íþróttamenn, þjálfarar og liðsstjórar séu bólusettir. Ekki aðeins fyrir persónulega heilsu sína, heldur bera einnig virðingu fyrir heilsu og ferli annarra íþróttamanna og sjálfboðaliða, sem og fyrir heilbrigðiskerfinu.

Á grundvelli reglna sem íslensk stjórnvöld hafa sett um meðhöndlun kórónuveirunnar eru tillögur okkar eftirfarandi. Athugið að staðan getur breyst sem þýðir að þetta skjal getur verið háð breytingum og uppfærslum fram að keppni.

Almennar reglur

- Vertu heima ef þú ert með einhver einkenni COVID-19
- Þvoðu hendurnar oft og notaðu handspritt
- Haltu fjarlægð við fólk sem þú hittir ekki venjulega, forðastu að vera nálægt öðru fólk sérstaklega á lokuðum svæðum í langan tíma
- Hittu fólk úti við og í smærri hópum
- Notaðu grímur

Að ferðast til Íslands

Samkvæmt íslenskum yfirvöldum er ferðamönnum heimilt að koma til Íslands en þurfa að sýna neikvætt covid próf áður en þeir koma til Íslands. Þetta á við um alla erlenda ríkisborgara, óháð því hvort þeir séu bólusettir eða sönnun um nýlega bata af COVID-19.

Íslenskir ríkisborgarar skulu fara í test á flugvöllinum við komu og fylgja leiðbeiningum

<https://heimkoma.covid.is/skraning/>.

Nánar fyrir listhlaup á skautum

Allir íþróttamenn/starfsfólk á panel/starfsmenn/þjálfarar/liðsstjórar verða að sýna fram á neikvætt hraðpróf (ekki heimapróf) til að komast í höllina-óháð aldri. Vottorð um fyrri sýkingu gildir einnig. Vottorðið þarf að vera að minnsta kosti 14 daga gamalt en ekki eldra en 180 daga.

GRÍMUSKYLDA ER Í HÖLLINNI.

Í höllinni

- Vinsamlegast mætið tímanlega í höllina við innskráningu. Íþróttamenn þurfa að framvísa neikvæðu prófi, vegabréf (ISU flokkar) og staðfesta tónlist. Allir aðrir þurfa að framvísa neikvæðu prófi. Þetta gæti tekið tíma.
- Allir VERÐA að vera með grímur. Aðeins er hægt að taka af grímur á meðan borðað er (aðeins á afmörkuðum svæðum) og á ísnum (bannað er að borða í búningsherbergjum).
- Höllinni er skipt í sóttvarnarhluta. Vinsamlegast ekki fara yfir frá einum hluta til annars án leyfis.
- Til að takmarka einstaklinga sem eru á keppnissvæði og í búningssklefum vinsamlegast takmarkið þjálfara og liðsstjóra á þessu svæði þegar þeir eru ekki að aðstoða íþróttamenn á leið í keppni.
- Upphitun verður í sérstökum hluta í höllinni. Upphitunarþjálfarar og liðsstjórar sem og íþróttamenn sem bíða eftir að komast inn í búningssklefana geta byrjað að hita upp hér. Athugið að svæðið er ekki stórt.
- Íþróttafólk er hvatt til að hita upp sem mest utandyra
- Aðeins íþróttamenn sem eru að hita upp mega vera á upphitunarsvæðinu
- Íþróttamenn, þjálfarar og liðsstjórar verða að yfirgefa höllina um leið og þeir hafa lokið keppni. Íþróttamenn sem bíða eftir verðlaunaafhendingum geta beðið með liðsstjóra á upphitunarsvæði.
- Þvoðu hendurnar oft og notaðu handspritt
- Haltu sem mestri fjarlægð milli þín og annarra og fylgdu leiðbeiningum starfsmanna svellisins

Sjálfbóðaliðar

- Allir sjálfbóðaliðar verða að fylgja reglum
- Allir sjálfbóðaliðar, óháð aldri, verða að leggja fram neikvætt hraðpróf (ekki heimapróf) eða sönnun um fyrri sýkingu 14-180 daga (Heilsuvera)
- Allir sjálfbóðaliðar verða að vera með andlitsgrímur á staðnum. Aðeins má taka af grímur meðan borðað er á afmörkuðum svæðum.

Áhorfendur

- Áhorfendur eru leyfðir